

Sent í tölvupósti
Reykjavík, 1. nóvember 2023

Alþingi
Atvinnuveganefnd
b.t. Þórarins Inga Péturssonar, formanns

Efni: Umsögn til atvinnuveganefndar um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi smávirkjana, 51. mál á 154. löggjafarþingi.

Bændasamtök Íslands styðja að lagaumhverfi smærri framkvæmda líkt og smávirkjana verði endurskoðað. Samtökin eru sammála umsögn Orkustofnunar um að skilgreina þurfi með fullnægjandi hætti hvað smávirkjun sé og til hvaða orkugjafa þær nái.

Dæmi eru um að bændur hafi sett upp t.a.m. vindmyllur og sólarcellur til að framleiða eigin orku á bújörð sinni, en ákveðin lagaleg óvissa þykir ríkja um skilyrði og regluramma kringum slíkar framkvæmdir. Er því tilefni og tækifæri fyrir umrædd ráðuneyti að leggjast í heildarvinnu í kjölfar þingsályktunartillögu þessarar um lagaumhverfi allra virkjana sem komið geta til skoðunar í eigin framleiðslu.

Meðfylgjandi umsögn þessari er afrit af erindi sem samtökin sendu starfshópi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins sem fjallaði um vindorku. Í erindinu er farið yfir nokkur mikilvægi atriði varðandi hagnýtingu slíkra orkukosta á bújörðum.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 30. september 2022

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
v/t Starfshópur um vindorku
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Efni: Erindi til starfshóps um vindorku

Í tilefni þess að starfshópur um vindorku, skipaður af Guðlaugi Þór Þórðarsyni umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, hefur kallað eftir sjónarmiðum um málefni vindorku óska Bændasamtök Íslands eftir að koma eftirfarandi atriðum á framfæri við starfshópinn.

Skipulagsmál og flokkun lands

Bændasamtökin telja að það regluverk sem mótað verður varðandi vindorku þurfi að vera uppbyggt með þeim hætti að fyrirfram verði mótuð stefna um hvar reisa megi vindmyllur og hvar ekki. Má í því samhengi nefna að í nágildandi skipulagsgerðum er meðal annars gert ráð fyrir að land sé flokkað til landbúnaðarnota og til annarra nota. Þannig mætti einnig fara um málefni vindorku þ.e. að land verði flokkað eftir því hvar megi reisa vindmyllur, hvar það sé fýsilegt að reisa vindmyllur með tilliti til veðurfars og aðstæðna í landslagi og síðan á hvaða landi megi ekki reisa vindmyllur.

Þessu tengt má einnig vísa til þess að víða erlendis þekkist að vindmyllur séu reistar í landbúnaðarlandi sem er þá land sem þegar er stunduð atvinnustarfsemi á.

Skilyrði um gæði búnaðar

Annað atriði sem Bændasamtökin vilja nefna og leggja áherslu á er að nauðsynlegt er samhliða því að farið verði í að reisa vindmyllur á Íslandi í einhverjum mæli að tryggja að regluverk á sviði bygginga taki til slíkra mannvirkja og fylgjandi búnaðar. Þannig verði gerð krafa um að slíkur búnaður standist ströngustu kröfur á hverjum tíma með tilliti til veðurálags og hljóðmengunar svo eitthvað sé nefnt. Má nefna að ýmsar aðferðir hafa verið í þróun til að minnka hljóðmengun m.a. með því að koma fyrir vindbrjótum á stólpa vindmylla.

Stærð vindmylla, umhverfismat og tengd skipulagsvinna

Samtökin telja að við mat á því hvort vindmyllur falli undir ströngustu skilyrði laga með tilliti til umhverfismats og skipulagsvinnu, s.s. á grundvelli deiluskipulags eða aðalskipulags, þurfi að skoða vel hvaða viðmið verði notuð. Þannig telja samtökin ekki sjálfgefið að framleiðslugeta vindmyllu eða vindmyllugarðs ein og sér sé heppilegt viðmið. Þar verði að horfa til fleiri sjónarmiða s.s. sjálfbærni og eignarréttinda enda megi sjá fyrir sér að heimavindmyllur geti

orðið raunhæfur möguleiki til orkuöflunar fyrir heimili og fyrirtæki, þ.m.t. í landbúnaði, í dreifbýli.

Því til frekari stuðnings megi nefna að ekki ætti að vera grundvallarmunur á því fyrir bónda sem dæmi að ráðast í það verkefni að byggja 85 metra háan votheysturn eða reisa 85 metra háa vindmyllu.

Fasteignagjöld

Bændasamtökin leggja að auki mikla áherslu á að vænt löggjöf um málefni vindorku taki á atriðum er varða arðinn af framleiðslunni þ.e. að vindorkugarðar sem framleiða raforku til sölu inn á dreifikerfið skili til nærsamfélagsins með greiðslu fasteignagjalda. Jafnframt telja samtökin að slík gjöld verði að taka mið af framleiðslugetu eða raunframleiðslu hvernar vindmyllu. Við slíka stefnumótun verði að auki litið til þess að annarri skattheimtu sé stillt í hóf þannig að vindorka geti verið hagkvæmur möguleiki enda málefni sem styður við atvinnuuppbyggingu í hinum dreifðari byggðum og styður við núverandi innviði.

Reynsla af uppbyggingu vindorku í Skotlandi

Bændasamtökin vilja benda á að mikil vinna hefur verið lögð í stefnumótun, m.a. á sviði landnýtingar, í Skotlandi tengt uppbyggingu á vindmyllum og telja samtökin að gagn geti verið af því að líta til þeirrar reynslu sem þar hefur safnast enda aðstæður um margt líkar hjá Íslendingum og Skotum. Því fylgja erindi þessu fjögur skjöl sem fjalla um eftirfarandi:

- Planning for windfarms – Scottish experiences.
- Agri-renewables strategy for Scotland.
- Siting and designing windfarms in the landscape.
- The impact of windfarms on Scottish tourism.

Að lokum vilja Bændasamtök Íslands nefna að samtökin hafa mikinn áhuga á frekara samtali við starfshópinn um framangreind atriði.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason
lögfræðingur